


Hvernig finn ég lykilorðið mitt?

Lykilorðið fyrir Libby appið og rafbokasafnid.is er það sama og fyrir leitir.is. Ef þú manst ekki lykilorðið eða vilt búa til nýtt geturðu gert það á leitir.is eða fengið aðstoð hjá starfsfólki bókasafnsins.


Fyrsta innskráning í Libby

Þegar þú opnar Libby í fyrsta sinn þarftu að fara í gegnum innskráningarferli. Þú byrjar á að velja **Já** við spurningunni um hvort þú eigir bókasafnsskírteini. Á næstu valmynd velurðu **Search for a library** og leitar að **Rafbókasafnið**.



Næst smellirðu á **sign in with my card** og velur **Amtsbókasafnið á Akureyri** úr fellilista.

Til að klára skráninguna þarftu að skrifa stríkamerkisnúmerið á bókasafnsskírteininu þínu og lykilorð.




Meira um Libby

Þegar þú sækir Libby er enska sjálfvalið tungumál en þú getur breytt því í stillingum. Aðrir möguleikar eru m.a.:

- Síur til að finna eingöngu rafbækur eða hljóðbækur, bækur sem eru lausar til útláns, efni fyrir börn eða fullorðna eða efnisflokka, s.s. sakamál og sígildar bókmenntir.
- Að breyta lestrarhraða á hljóðbókum og velja svefnstillingu.
- Að breyta lettri, leturstærð, línubili og bakgrunni. Prófaðu þig áfram til að finna hvað hentar þér best.

Rafbókasafnið

Hljóðbækur - Rafbækur - Tímarit



AMTSBÓKASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Hvað er Rafbókasafnið?

Rafbókasafnið hefur þann tilgang að bjóða lánþegum almenningsbókasafna aðgang að fjölbreyttu úrvali hljóðbóka, rafbóka og tímarita.

Ef þú átt gilt bókasafnsskírteini á Amtsbókasafninu á Akureyri eða öðru almenningsbókasafni hefur þú aðgang að Rafbókasafninu.

- Lánstími er ýmist 7, 14 eða 21 dagur fyrir rafbækur og 14 dagar fyrir hljóðbækur.
- Gögnin skilast sjálfkrafa að lánstíma liðnum og því er engin hætta á dagsektum. Við hvetjum þig þó til að skila bókum um leið og þú klárar svo næsti lánþegi geti notið.
- Þú getur haft 21 bók að láni og verið með 21 frátekt í einu.
- Þú getur endurnýjað lánið ef enginn er á biðlista eftir bókinni.



Hvernig fæ ég aðgang að Rafbókasafninu?

Símar og spjaldtölvur:

Einfaldast er að nota Rafbókasafnið í síma eða spjaldtölvu með Libby appinu sem þú getur nálgast í **App Store** eða **Google Play**.



App Store



Google Play



Libby

Lesbretti:

Rafbókasafnið er ekki hægt að nota á Kindle og Storytel lesbrettum.

Til þess að hlaða niður bók á öðrum lesbrettum þarf að stofna Adobe ID-aðgang og sækja og setja upp Adobe Digital Editions forritið á tölvu.

Bókinni er svo hlaðið niður í tölvuna, hún opnuð í Adobe Digital Editions og færð þaðan yfir á lesbrettið.

Tölvur:

Hægt er að hlusta á og lesa bækur og tímarit í gegnum rafbokasafnid.is eða sækja Libby appið á libbyapp.com

Ef þú vilt hlaða niður bókum í tölvuna þarf að setja upp Adobe Digital Editions forritið.

Innskráning

Til þess að skrá þig inn í Libby appið eða rafbokasafnid.is þarftu strikamerkisnúmerið á bókasafnsskírteininu þínu og lykilorð (sama og fyrir leitir.is).

Hvernig finn ég strikamerkisnúmerið?

Strikamerkisnúmerið er framan á bókasafnsskírteininu þínu (og byrjar oftast á **ge**).

Ef þú ert með stafrænt bókasafnsskírteini geturðu skoðað númerið í símanum. Þú getur einnig fundið það á þínum síðum á leitir.is eða haft samband við starfsfólk bókasafnsins.